

Um sjóðinn


Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 128/2011. Sjóðurinn fjárfestir í verðbréfum með ábyrgð íslenska ríkisins, að lágmarki 50%, og í innlánum hjá fjármálafyrirtækjum sem lúta eftirliti FME, að hámarki 50%. Markmið sjóðsins er að ná ávöxtun sem endurspeglar ávöxtun styttri verðbréfa með ábyrgð ríkis og innlána. Meðallíftími sjóðsins er 0-4 ár en einstök verðbréf sjóðsins geta haft lengri líftíma. Sjóðurinn fjárfestir bæði í verðtryggðum og óverðtryggðum bréfum.

Allar frekari upplýsingar um sjóðinn má nálgast í lykilupplýsingum og útboðslýsingu hans sem finna má á vefsíðu Landsbréfa www.landsbref.is

Eignasamsetning

Flokkur	Staða
Ríkisbréf óverðtryggð	61,7%
Ríkisbréf verðtryggð	22,2%
Íbúðabréf	15,2%
Innlán	1,8%


Eignaskipting



Stærstu útgefendur


Ríkissjóður Íslands	83,9%
Íbúðalánasjóður	15,2%
Íslandsbanki innlán	1,8%

Dreifing líftíma ár



Árangur sjóðsins

Gengisþróun



Nafnávöxtun

Frá áramótum	0,58%
1 ár	4,62%
2 ár*	5,11%
3 ár*	4,30%
4 ár*	4,34%
5 ár*	3,45%

* meðaltal nafnávöxtunar á ársgrundvelli

Áhætta

Markaðsáhætta er sú áhætta sem ekki er hægt að eyða með dreifðu eignasafni. Undir markaðsáhhættu fellur **vaxtaáhætta** sem er sú áhætta sem felst í áhrifum breytinga á markaðsvöxtum á verðmyndun skuldabréfa. Almennt eykst vaxtaáhætta eftir því sem meðallíftími eigna í skuldabréfasjóði er lengri.

Skuldaraáhætta er sú áhætta að útgefandi standi ekki við skuldbindingar sínar og fjárfesting tapist því að hluta eða öllu leyti. Skuldaraáhætta í sjóðnum takmarkast við íslenska ríkið og innlánastofnanir.

Uppgjörsáhætta er til staðar í sjóðnum ef mótaðili greiðir ekki eða afhendir ekki bréf á réttum tíma. **Vörsluáhætta** er til staðar í sjóðnum þar sem eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna af hálfu vörsluaðila. **Lausafjárahætta** er til staðar í sjóðnum þar sem sú staða gæti komið upp að eign seljist ekki tímanlega á ásættanlegu verði.

Almennar upplýsingar

Kennitala:	640209-9840
Stofndagur:	20.5.2009
Grunnmynt:	ISK
Rekstrarfélag	Landsbréf hf.
Vörslufélag:	Landsbankinn hf.
Söluaðilar:	Landsbankinn hf.
Sjóðsform:	Verðbréfasjóður (UCITS)
Umsýsluþóknun:	0,70%
Bloomberg auðkenni:	LABRGS IR
Sjóðstjórar:	Rósa Björgvinsdóttir Sandra Björk Ævarsdóttir
Framkv.stj. Landsbréfa hf.:	Helgi Þór Arason

Viðskiptapantanir

Afgreiðslutími:	09:30 - 14:30
Lágmarkskaup:	5.000 kr.
Afgreiðslugjald:	450 kr.
Afgreiðslugjald í áskrift:	100 kr.
Gjald við kaup:	0,5%
Gjald við kaup í áskrift:	Ekkert
Áskriftarmöguleiki:	Já
Uppgjörstími:	2 bankadagar

Tölulegar upplýsingar

Hrein eign í milljónum ISK:	1.094,4
Gengi sjóðsins:	15,30
Staðalfrávik ávöxtunar*:	1,52%
Meðallíftími:	2,72 ár
Verðtryggingarhlutfall:	37,5%
Áhættumælikvarði	2/7

Skattalegar upplýsingar

Tekjur af hlutdeildarskírteinum eru skilgreindar sem vaxtatekjur skv. 8. gr. l. nr. 90/2003 um tekjuskatt. Fjármagnstekjuskattur staðgreiðist af hagnaði þegar hlutdeildarskírteini eru innleyst. Skatthlutfall þetta er nú 20%. Nánari upplýsingar um skattamál er að finna á vef Landsbréfa og í útboðslýsingu sjóðsins.

Hafðu samband

Verðbréfa- og lífeyrisráðgjöf Landsbankans
Austurstræti 5, 155 Reykjavík
Sími: 410 4040
www.landsbankinn.is www.landsbref.is

Sjóðurinn er verðbréfasjóður starfræktur í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Rekstrarfélag sjóðsins eru Landsbréf hf. og vörslufélag er Landsbankinn hf. Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á framtíðarárangur. Gengi sjóðsins getur bæði hækkað og lækkað og fjárfestar kunna að fá minna til baka en upphaflega var fjárfest fyrir. Nánari upplýsingar um sjóðinn og áhættuþætti eru í útboðslýsingu sjóðsins og lykilupplýsingum sem finna má á vefsíðu Landsbréfa www.landsbref.is og eru fjárfestar hvattir til þess að kynna sér þær vel áður en fjárfest er í sjóðnum. Þær upplýsingar sem koma fram í þessu skjali byggja á óendurskoðuðum gögnum úr bókhaldi sjóðsins. Upplýsingarnar eru því birtar með fyrirvara um réttmæti þeirra.

*Staðalfrávik ávöxtunar er tölfraðileg stærð sem mælir sveiflur frá meðalávöxtun á ársgrundvelli. Staðalfrávikíð byggir á daglegum gögnum eitt ár aftur í tímann. Núverandi mat á staðalfrávikí endurspeglar ekki endilega staðalfrávik í framtíð.